



Síða 1 í 4	Fjölbrautaskóli Vesturlands	
	Námsáætlun Þýsk1BP05 vorönn 2017	

Kennari: Kristín Luise Kötterheinrich	Netfang: kristin@fva.is
--	--------------------------------

Námsgögn: Menschen A1 Kursbuch og Arbeitsbuch Lausblaðamappa Margvíslegt ítarefni frá kennara.
--

Lýsing: Áfanginn er byrjunaráfangi og er áhersla lögð á að nemendur tileinki sér undirstöðuatriði tungumálsins og fái innsýn í menningu og staðhætti í þýskumælandi löndum. Nemendur fá þjálfun í færniþáttunum fjórum: tali, ritun, hlustun og lestri . Þeir byggja upp orðaforða með lestri stuttra texta, læra að kynna sig og aðra, segja frá áhugamálum sínum, fjölskyldu sinni og sínu nánasta umhverfi í einföldu máli í ræðu og riti. Lögð er áhersla á að nemendur þjálfist í sjálfstæðum vinnubrögðum, að þeir tileinki sér árangursríka námstækni og þjálfist í að meta framvindu sína í námi. Unnið er með grunnkennslubók sem tekur mið af evrópska tungumálarammanum ásamt margvíslegu ítarefni. <i>Áfanginn er á hæfniprepi A1 samkvæmt evrópska tungumálarammanum.</i>
--

Markmið (þekking, leikni, hæfni): Þekking Nemandi skal hafa aflað sér almennrar þekkingar og skilnings á <ul style="list-style-type: none"> • þeim orðaforða sem nauðsynlegur er til að ná leikni- og hæfnimarkmiðum áfangans • nokkrum grundvallarþáttum þýska málkerfisins • helstu framburðarreglum og tónfalli • þýskumælandi löndum og fengið innsýn í menningu, samskiptavenjur og siði þeirra Leikni Nemandi skal hafa öðlast leikni í að: <ul style="list-style-type: none"> • skilja talað mál um kunnugleg efni þegar talað er hægt og skýrt • fylgja einföldum fyrirmælum á þýsku og skilja helstu kveðjur og kurteisisávörp • lesa einfalda texta sem innihalda algengan orðaforða sem tengist honum, fjölskyldu hans, umhverfi hans og áhugamálum og vinna úr þeim á mismunandi hátt
--

Síða 2 í 4	Fjölbrautaskóli Vesturlands	
	Námsáætlun Þýsk1BP05 vorönn 2017	

- taka þátt í einföldum samræðum um efni sem hann þekkir og beita kurteisis- og málvenjum við hæfi
- segja á einfaldan hátt frá sjálfum sér, fjölskyldu sinni, vinum og daglegu lífi með því að beita orðaforða og framburði á sem réttastan hátt
- skrifa stuttan, einfaldan texta um sjálfan sig og sitt nánasta umhverfi, fylla út einföld eyðublöð, skrifa póstkort/stutt bréf o.þ.h.
- beita helstu reglum um málnotkun í ræðu og riti
- nota sjálfstæð og viðeigandi vinnubrögð í tungumálanámi

Hæfni

Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- tjá sig munnlega og skriflega á einfaldan hátt um efni sem hann þekkir
- skilja einfalt talað mál
- skilja megininntak einfaldra texta
- geta metið eigið vinnuframlag, framfarir og kunnáttu í faginu
- tileinka sér jákvætt viðhorf til þýskunámsins og öðlast trú á eigin kunnáttu í faginu

Námsmat:


Skriflegt lokapróf í annarlok: 50%

Annareinkunn 50%

Hlutapróf	16%
Munnleg verkefni	10%
Mappa	12%
Hlustun, litlar kannanir	12%

Hlutapróf eru stærri próf lögð fyrir á önninni. Þau taka mið af því námsefni sem farið hefur verið yfir hverju sinni. Hlutaprófin eru góður undirbúningur fyrir lokaprófið í annarlok.

Munnleg verkefni eru til þess að festa þann orðaforða og þær málnotkunarreglur sem verið hafa til umfjöllunar betur í sessi munnlega. Nemendur vinna nokkur munnleg verkefni yfir önnina, 2 bestu gilda til einkunnar ásamt einu stærra verkefni sem unnið er undir lok annar. Öll tilhögun verður útskýrð í kennslustundum.

	Fjölbrautaskóli Vesturlands	
	Námsáætlun Þýsk1BP05 vorönn 2017	
Síða 3 í 4		

Mappa er skriflegi þátturinn (verkefni annarinnar). Í möppu safna nemendur t.d. völdum verkefnum úr Kurs- og Arbeitsbuch, ritunarverkefnum og ýmsu öðru sem tengist námsefninu. Möppu er skilað til kennara tvisvar á önn – **ekki er hægt að vinna möppuverkefni upp í annarlok.**

Hlustun, litlar kannanir o.fl. Kennsluefninu fylgja ýmis hlustunarverkefni sem nemendur vinna ýmist í kennslustundum undir leiðsögn kennara eða heima, litlar kannanir taka mið af orðaforða og/eða málfræði- og málnotkunaratriðum sem verið hafa til umfjöllunar í kennslustundum. Áætlað er að hafa 5-6 svona verkefni en láta 4 bestu gilda.

Til að ljúka áfanganum þarf nemandi að standast skriflegt lokapróf í annarlok og heildareinkunn (annareinkunn + lokaprófseinkunn) fyrir áfangann verður að vera a.m.k. 5,0 (annareinkunn skiptir því máli!).

Aðrar mikilvægar upplýsingar:

Á vorönn 2017 er áfanginn í F stokki sem þýðir að hann er einungis kenndur 3,5 tíma á viku (meðaltal). Fram til 8.mars er áfanginn kenndur 3 tíma á viku en upp frá því 4 tíma á viku. Áfanginn telur engu að síður 5 einingar og verður yfirferð námsefnis í samræmi við það – námsefni verður ekki skorið niður heldur er gerð krafa um aukna heimavinnu nemenda.

Nemendum ber að fylgjast með tilkynningum á INNU. Nemendum með frávík frá skólasóknarreglu og árekstrarheimild er sérstaklega bent á þetta – sömu dagsetningar gilda fyrir alla nemendur.

Nemendur skulu virða skilafresti verkefna. Aldrei er hægt að skila verkefnum til kennara eftir að aðrir nemendur hafa fengið þau til baka. Ekki er hægt að vinna upp verkefni annarinnar í annarlok.


Sjúkrapróf eru aðeins í boði fyrir þá sem eru löglega afsakaðir (tilkynnt og skráð veikindi/leyfi í INNU). Nemanda ber að hafa samband við kennara hið fyrsta til þess að fá upplýsingar um sjúkraprófið. Hafi nemandi ekki samband er litið svo á að hann ætli sér ekki að taka prófið og skráist þá einkunnin 0.

Tölvur og símar eru einungis leyfð í kennslustundum til að leysa verkefni og skulu ekki sjást uppi á borðum ef ekki er verið að nota þau til slíks. Nemendur sem ekki virða þessa reglu geta búist við að fá fjarvistarstig. **Sjá nánar um notkun snjalltækja í skólanámsskrá FVA.**

Nemendur eiga ekki að rápa inn og út úr kennslustundum. Nemendur sem ekki virða þessa reglu geta búist við að fá fjarvistarstig.

Ekki er hægt að vinna verkefni annarinnar upp í annarlok.

Nemendum er velkomið að hafa samband við kennara hvenær sem er ef eitthvað er óljóst varðandi fyrirkomulag áfangans, verkefnavinnu o.s.frv. Öllum pósti er svarað. Viðtalstímar eru eftir samkomulagi.

Síða 4 í 4	Fjölbrautaskóli Vesturlands	
	Námsáætlun Þýsk1BP05 vorönn 2017	

Nemendum er bent á vikulegar áætlanir á Innu í stað yfirlitsins hér að neðan. Í ljósi breyttrar stundatöflu og fækkunar á kenndum tímum er erfitt að áætla nákvæmlega fram í tímann – þetta á sérstaklega við um dagsetningar kannana og hlutaprófa.

Vika	Dags.	Námsþættir	Námsmatsþættir
1	5.1-6.1	Kynning	
2	9.1-13.1	Inngangur, Lektion 1	
3	16.1-20.1	Lektion 1, Lektion 2	
4	23.1-27.1	Lektion 2	Könnun 1
5	30.1-3.2	Lektion 3	
6	6.2-10.2	Lektion 3,	Könnun 2
7	13.2-17.2	Lektion 4	Hlutapróf
8	20.2-24.2	Lektion 4, Lektion 5	mappa
9	27.2-3.3	Lektion 5	
10	6.3-10.3	Lektion 6	Könnun 3
11	13.3-17.3	Lektion 6, Lektion 7	
12	20.3-24.3	Lektion 7	Könnun 4
13	27.3-31.3	Lektion 7, Lektion 8	
14	3.4-7.4	Lektion 8	hlutapróf
15		Páskafrí	
16	19.4-21.4	Lektion 8, Lektion 9	
17	24.4-28.4	Lektion 9	Könnun 5
18	1.5-5.5	Lektion 9 og lausir endar	mappa
19	8.5-9.5	Lausir endar	

Tímaáætlun er sett fram með fyrirvara um nauðsynlegar breytingar.